

ArtsIceland

Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space

kol&salt ehf

Til Skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Erindi: Útilistaverk við Skíðheima á Seljalandsdal

Samstarfsaðilar ArtsIceland og Stofnunar Rögnvaldar Á Ólafssonar undirbúa uppsetningu útilistaverks eftir Björn Dahlem við Gamla skíðaskálann á Seljalandsdal ef tilskilin leyfi fást. Meðfylgjandi er lýsing á verkefninu á ensku. Vinnuheiti verksins er WE ARE IN SPACE og er hluti af seríu sem listamaðurinn segir vera „lendingarstaði fyrir geimskip“ sem staðsettir eru á nokkrum stöðum víðsvegar um heiminn.

Björn Dahlem er prófessor við Bauhaus listaháskólann í Weimar í Þýskalandi auk þess að starfa sem listamaður, og verk hans eru á sýningum víða um heim. Hann heimsótti Ísafjörð snemma í síðasta ári í tengslum við undirbúning fyrir Sumarskóla í vistvænum arkitektúr á vegum Stofunar Rögnvaldar Á Ólafssonar á Ísafirði. Þar kviknaði hugmyndin að útilistaverki við gamla skíðaskálann (Skíðaheima) á Seljalandsdal og vinnur hann nú ásamt samstarfsaðilum að því að undirbúa verkefnið sem verður að mestu fjármagnað af Bauhaus listaháskólanum. Björn Dahlem er gestakennari við Listaháskóla Íslands sem einnig er samstarfsaðili að verkefninu.

Það væri mikill fengur að því að fá útilistaverkið sett upp á Ísafirði, á sögufrægum stað með fallett útsýni yfir fjörðinn. Mikill fjöldi ferðamanna kemur á þennan stað til að njóta útsýnisins og verkið er útfært þannig að það megi nýta sem nokkurs konar útsýnispall. Verkið yrði að mestu fjármagnað að utan en samstarfsaðilarnir á Ísafirði (Gestavinnustofur ArtsIceland og Stofnun Rögnvaldar) munu vinna með listamanninum og aðstoðarmönnum hans að undirbúningi og uppsetningu. Áætlaður uppsetningartími verksins, ef tilskilin leyfi fást, er 20.-29. júlí 2020.

Það er von okkar að Skipulags- og mannvirkjanefnd taki vel í erindið.

Ísafirði 2. apríl 2020

Virðingarfyllt,

Elísabet Gunnarsdóttir
ArtsIceland
Stofnun Rögnvaldar Á Ólafssonar
artsiceland@simnet.is
Sími 868 1845

ArtsIceland
Gallerí Úthverf / Outvert Art Space
kol&salt ehf

Aðalstræti 22 - 400 Ísafjörður
www.kolsalt.is